

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. október 2001.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Norðmann.

REGLUR

um farandsölu í Siglufirði.

1. gr.

Öllum er heimilt að stunda farandsölu í Siglufirði, enda fullnægi þeir skilyrðum laga nr. 28/1998 um verslunaratvinnu til að stunda slíka starfsemi og þeim skilyrðum sem sett eru í reglum þessum.

2. gr.

Aðili sem vill stunda farandsölu í Siglufirði, skal tilkynna til sveitarfélagsins um komu sína með sannanlegum hætti með minnst 2ja vikna fyrirvara. Í tilkynningunni skal koma fram:

- Nafn, kennitala og vsk númer rekstraraðila.
- Hvaða vörur viðkomandi hyggst selja.
- Hvar í sveitarfélaginu salan muni eiga sér stað.
- Hvenær aðili hyggst halda úti versluninni.

Með tilkynningunni skulu fylgja öll nauðsynleg gögn, þar á meðal staðfesting á skráningu rekstraraðila í firma- eða hlutafélagaskrá, eintak nafnspjalds skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 28/1998 og upplýsingar um fasta starfsstöð og prókúruhafa. Sveitarstjórn getur látið stöðva farandsölu, komi í ljós að upplýsingar um rekstraraðila standast ekki eða ranglega hefur verið greint frá því við tilkynningu, hvaða vörur selja á.

3. gr.

Haldin skal skrá yfir þá aðila sem tilkynnt hafa komu sína með farandsölu. Skráin skal vera opinber og liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins.

4. gr.

Sveitarfélagi er heimilt að synja aðila um leyfi til að stunda farandsölu á ákveðnum almennt viðurkenndum hátíðisdögum, s.s. frídegi verslunarmanna og helstu hátíðisdögum þjóðkirkjunnar. Synjunin skal vera skrifleg og rökstudd.

5. gr.

Að öllu jöfnu skulu engar húseignir í eigu eða umsjón Siglufjarðarkaupstaðar leigðar eða lánaðar undir starfsemi, er tengist farandsölu, nema með sérstöku samþykki bæjarráðs.

6. gr.

Reglur þessar taka gildi 1. október 2001.

Siglufirði, 30. september 2001.

Guðmundur Guðlaugsson bæjarstjóri.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 631, 3. ágúst 2001,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2001/2002.**

1. gr.

Eftir orðunum: „sömu reglur“ í 2. málslíð 6. gr. komi orðin: um útreikning, nýtingu og framsal.

2. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein er orðist svo: Fiskistofa skal tilkynna útgerðum krókaafلامarksbáta, að hverjum báti sé heimilt á fiskveiðiárinu 2001/2002 að veiða sem meðafla við krókaveiðar löngu, keilu og karfa. Skal leyfilegur meðafla hvers báts í hverri tegund nema 80% af því sem í hans hlut kæmi miðað við úthlutun aflahlutdeildar í þessum tegundum, byggða á veiðireynslu hvers krókaafلامarksbáts á tímabilinu 1. júní 1998 til 31. maí 2001.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. október 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.